

Konsert nr. 2 fyrir hljómsveit var saminn á árunum 2020 til 2024 (með hléum) fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands að beiðni hljómsveitarinnar. Verkið er í þremur köflum. Rætur þess liggja víða en ég hafði meðal annars til hliðsjónar stemmu sem Þorbjörn Kristinsson (1918-2001) kvað en Þorbjörn var um árabíl barnaskólakennari við Glerárskóla. Hljóðritun er aðgengileg á netinu (ismus.is). Stemmuna sem ég hafði í huga við samningu verksins kvað Þorbjörn við eftirfarandi vísu eftir bróður sinn, Hjörleif Kristinsson (1918-1992):

Dags er glæta þrotin þá
þokan vætir kinnar.
Skjóna fætur skripla á
skuggum næturinnar.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands frumflutti verkið undir stjórn Daníels Bjarnasonar í Hofi á Akureyri, 24. nóvember 2024.

S.S.B.

Concerto No. 2 for Orchestra was composed between 2020 and 2024 (with interruptions) for the North Iceland Symphony Orchestra at the orchestra's request. The work is in three movements.

Its roots are diverse, but I drew inspiration, among other things, from a melody sung by Þorbjörn Kristinsson (1918–2001), who was for many years an elementary school teacher at Glerárskóli in Akureyri. A recording is available online (ismus.is). The melody that I had in mind while composing the work was sung by Þorbjörn to the following verse by his brother, Hjörleifur Kristinsson (1918–1992):

Dags er glæta þrotin þá
þokan vætir kinnar.
Skjóna fætur skripla á
skuggum næturinnar.

In English: When the day's glimmer is gone/the mist dampens cheeks./Skjóni's* feet slip/on the shadows of the night. - *Skjóni is a name for a horse.

The North Iceland Symphony Orchestra premiered the work under the baton of Daníel Bjarnason at Hof in Akureyri on November 24, 2024.

S.S.B.